

Skipulagsstofnun
Sigmar Arnar Steingrímsson
Laugavegi 166
150 Reykjavík



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 5. nóvember 2010
Tilvísun: UST20101000068/bs

Frummatsskýrsla um efnistöku í Bolaöldum í Ölfusi - Umsögn.

Vísað er til bréfs Skipulagsstofnunar dags. 14. október 2010 þar sem óskað er umagnar Umhverfisstofnunar um mat á umhverfisáhrifum ofangreindrar framkvæmdar.

Hér er um að ræða efnistöku í þremur áföngum sem ráðgert er að taka um 6.000.000 m³ af efni á næstu 30 árum. Ráðgert er að efnistakan fari fram skammt austan eldri námu við Bolaöldu sem nú er að hluta nýtt til haugsetningar á jarðvegi sem til fellur við framkvæmdir á Höfuðborgarsvæðinu. Efnistaka hefur farið fram á og við fyrirhugað efnistökusvæði um nokkurn tíma og hefur svæðinu verið raskað að stórum hluta.

Í frummatsskýrslu kemur fram að gróðurfar og fuglalíf eru fábreytt á því svæði sem kannað var. Náman er ekki á vatnsverndarsvæði. Umhverfisstofnun telur að helstu áhrif efnistökkunnar teljist áhrif á landslag og áhrif á jarðmyndanir. Fyrirhuguð efnistaka mun ekki fara fram í jarðmyndunum sem njóta sérstakrar verndar skv. 37. gr. laga nr. 44/1999 um náttúruvernd. Umhverfisstofnun telur að umrædd efnistaka muni hafa talsverð neikvæð áhrif á landslag og jarðmyndanir, en þau áhrif eru þegar komin fram að miklu leyti.


Að teknu tilliti til ofangreindra atriða telur Umhverfisstofnun ekki líklegt að ofangreind efnistaka muni hafa umtalsverð umhverfisáhrif í för með sér.

Umhverfisstofnun telur að við vinnslu núverandi námu eigi að leggja áherslu á að móta suðurjaðar námunnar þannig að ekki þurfi að treysta á haugsetningu á aðfluttu efni til að móta samfellda hlíð niður í botn námunnar.

Hluti eldra efnistökusvæðis er notað sem jarðvegstíppur. Kópavogsbær starfrækir tippsvæðið en Bolaöldur ehf. hafa umsjón með frágangi efnistökusvæðisins. Umhverfisstofnun telur að haugsetja ætti efni með markvissari hætti til að draga eins fljótt og unnt er úr ummerkjum eftir efnistöku í hlíðum Vífilsfells. Stofnunin telur að leggja eigi áherslu á að haugsett verði með hlíðum fjallsins til austurs og vesturs.

Umhverfisstofnun telur að við útgáfu framkvæmdaleyfis vegna umræddrar efnistöku ætti að setja skilyrði um frágang beggja námusvæða við Bolaöldu.

Virðingarfyllst


Björn Stefánsson


Ólafur A. Jónsson
Deildarstjóri